

1 Framteljandi

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

2 Upplýsingar um launagreiðanda, fjárhæð ökutækjastyrks og akstur

Launagreiðandi, nafn og kennitala	Fjárhæð	Akstur í þágu launagreiðanda skv. akstursdagbók eða akstursskýrslu
	kr.	km
	kr.	km
	kr.	km
	kr.	km
Samtals	A	Samtals B

3 Útreikningur á frádrætti

Til frádráttar í lið 2.6 á skattframtali færast sú fjárhæð sem lægri er í reitum A eða C	Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B	x	Heimill frádráttur pr. km sbr. töflu á bakhlið	=	Útreiknaður frádráttur
	km		kr./km		C kr.

Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið skv. akstusbilinu fyrir neðan. Sjá dæmi á bakhlið.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi akstursdagbækur eða akstursskýrslur og önnur gögn til ríkisskattstjóra.

Dagsetning

Undirskrift

Skýringar

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi skal færa til tekna, heimilast til frádráttar tiltekinn kostnaður á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla, þ.m.t. á rafrænu formi, þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Einnig þarf að liggja fyrir hver heildarakstur bifreiðar er á hverju ári. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í þágu launagreiðanda. Frádráttur er ákvarðaður miðað við hver heildarakstur hefur verið í þágu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á því akstursbili, sbr. töflu að neðan. Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið samkvæmt akstursbilinu fyrir neðan. Hafi akstur t.d. numið 1.010 km skal miða frádrátt við 118 kr. á hvern km, en þó aldrei lægri fjárhæð en 120.000 kr. (þ.e. 1.000 km margfaldað með 120 kr.). Eftirfarandi fjárhæðir heimilast til frádráttar á móti greiðslum frá launagreiðanda vegna aksturs í hans þágu miðað við hvern ekinn kílómetra:

Akstur í þágu launagreiðanda	Frádráttur vegna almenns aksturs á hvern ekinn km	Frádráttur vegna sérstaks aksturs á hvern ekinn km	Frádráttur vegna torfæruaksturs á hvern ekinn km
0-1.000 km	120 kr.	138 kr.	174 kr.
1.001-2.000 km	118 kr.	136 kr.	171 kr.
2.001-3.000 km	116 kr.	133 kr.	168 kr.
3.001-4.000 km	102 kr.	117 kr.	148 kr.
4.001-5.000 km	99 kr.	114 kr.	144 kr.
5.001-6.000 km	97 kr.	112 kr.	141 kr.
6.001-7.000 km	95 kr.	109 kr.	138 kr.
7.001-8.000 km	94 kr.	108 kr.	136 kr.
8.001-9.000 km	92 kr.	106 kr.	133 kr.
9.001-10.000 km	90 kr.	104 kr.	131 kr.
10.001-11.000 km	85 kr.	98 kr.	123 kr.
11.001-12.000 km	83 kr.	95 kr.	120 kr.
12.001-13.000 km	81 kr.	93 kr.	117 kr.
13.001-14.000 km	79 kr.	91 kr.	115 kr.
14.001-15.000 km	77 kr.	89 kr.	112 kr.
15.001 og meira	72 kr.	83 kr.	104 kr.

Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur verið heimilt að færa frádrátt á móti greiðslum fyrir slík afnot ökutækis, enda séu þau afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

Sérstakt gjald er eingöngu fyrir akstur á vegum þar sem ekki er bundið slitlag og **torfærugjald** fyrir akstur utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbifreiðum. Gera þarf fullnægjandi grein fyrir því að forsendur séu fyrir greiðslu sérstaks gjalds eða torfærugjalds.